

FÓLKVANGUR Í BÖGGVISSTAÐAFJALLI

SAMANTEKT FRÁ ÍBÚAFUNDI 14. DESEMBER 2018

Á fundinum var gestum skipt í fimm umræðuhópa. Frjáls umræða átti sér stað í hverjum hópi og var hópstjóra falið það verk að halda utanum helstu umræðuefni auk þess að taka saman niðurstöður að loknum umræðutíma. Kynnti hver hópur sínar niðurstöður og voru þeir nokkuð samhljóma.

Meðal umræðuefna voru eftirfarandi viðfangsefni:

ÚTIVISTARMÍÐSTÖÐ

- Svæðið verði miðstöð útiþróttta.
- Fólkvangurinn verði skipulagður sem heilsárs útivistarsvæði. Má þar nefna: golf, reiðstígur (horfa til gömlu reiðleiðarinnar), hjólastígur (fjallahjóleiðar), göngustígar/gönguskíðabraut í tengslum við íþróttamiðstöð, skíðabrautir, berjaland.
- Hugmynd um samnýtingu á svæðinu t.d. skíði/golf húsnæði, áhaldageymslur, mannskapur, lyftur fyrir hjól á sumrin, dælur fyrir vatn.
- Kannað verði hvort færi saman mismunandi íþróttir (skíði, gönguskíði, golf, gönguleiðir, skokkbrautir o.fl.)
- Aðstöðuhús í fólkvang, salerni allt árið.
- Brekkusel gæti verið heilsársrekstrareining, þjónusta, skíði, golf, hjól, gönguskíði, hestamenn o.fl.

SKÓGRÆKT

- Útikennslusvæði í Bögg.
- Setja meiri afþreyingu fyrir börn í skógarreitnum Bögg.
- Leiktæki fyrir börn í skógarreitnum.
- Ekki leiktæki innan skógræktar.
- Skógarreiturinn verði fjölskyldusvæði. Færa leiksvæði úr bænum uppeftir (fækka þeim í bænum).
- Lögð verði áhersla á náttúruleg leiktæki.
- Æfingatæki.
- Bætt aðgengi fyrir troðara í Bögg.
- Skógræktin verði skipulögð út frá fólkvanginum en ekki fólkvangurinn út frá skógrækt.
- Almennt er þörf á meira fjármagni til þess að bæta aðstöðu innan skógræktar.
- Hugað verði að því að gróðursett verði m.t.t. berjalands og einnig þess vegna annarrar útivistar.
- Ekki auka skógrækt innan fólkvangs.
- Horfa til Kjarnaskógar og draga lærdóm frá þeim.
- Ruslatunnur í skógrækt.

GOLFVÖLLUR

- Hugmynd að golfvelli sem getur verið saman með gönguleiðum, hjólaleiðum og öðru sporti.
- Möguleikar á samvinnu golfs og skíðasvæðis.
- Hagræðing á samvinnu á aðstöðu.
- Meiri möguleikar á að fleiri haldi áfram æfingum ef golfvöllur er í göngufæri.
- Golf og önnur útivist fara ekki saman.
- Ef það kemur golfvöllur á hann ekki að vera sunnan við veginn upp að Brekkuseli.

SKÍÐASVÆÐI

- Ný lyfta jafnvel alveg uppundir topp.
- Stólalyfta gæti verið starfrækt allan ársins hring t.d. fyrir útsýnisferðir og fyrir hjólamenn.
- Barnasvæði norðan við lyftu.
- Endurnýjun á efri lyftu.
- Auka lýsingu upp að skíðasvæði.
- Skjólbelti beggja megin við skíðabrautir.

GÖNGUSTÍGAR

- Gönguskíðabraut í skógarsvæði sem er nauðsynlegt að gera stærra. Það verði göngu- og skokkstígar á sumrin.
- Göngustígar séu niðurgrafnir og hægt að nota sem gönguskíðabrautir og bæta lýsingu á svæðinu.
- Lýsa gönguskíðaleið/göngustíga.
- Ekki fleiri göngustíga. Hirða betur þá sem fyrir eru, erfitt að ganga, sums staðar í bleytu.
- Lýsa upp göngustíg að Brimnesgili.
- Lagfæra göngustíg norðan Böggvisstaðaskála.

HJÓLABRAUT

- Hugmynd að hjólabraut í framhaldi af uppkeyrsluveginum meðfram girðingu í norður og austur.
- Fjallahjólabraut verði skipulögð.
- Er hægt að samnýta hjólastíga og fyrir gangandi neðst í fjallinu?
- Hjólastígar og göngustígar fara illa saman.

REIÐLEIÐIR

- Spurning hvort huga eigi að reiðleið í gegnum svæðið.
- Vilji til að halda gömlu reiðvegnum/gömlu póstvegnum.
- Varðveita gömlu póstleiðina (sögumerkingar).
- Viðhalda gömlu leiðinni frá Böggvisstöðum yfir Reykjaheiði.

SAUÐFJÁRBEIT

- Girðing verði færð niður fyrir skíðasvæði og sauðfjárbreit leyfð.
- Lækkun á fjallgirðingu niður að skógrækt.
- Opna svæðið fyrir beit, of mikið af gróðri - Lúpína.

BERJALAND

- Notkun berjatínu verði bönnuð.
- Merkingar, bann við tinum verði sýnilegt.
- Berjatínsla í hagnaðarskyni bönnuð

SKOTVEIÐI

- Hugmynd um að leyfa aftur rjúpnaveiði á svæðinu.
- Skotveiði verði bönnuð.

VÉLSLEÐAR

- Sleðamenn fara sem beinast upp frá kirkju. Fari norðan við Löngulaut. Setja merkingar og samþykktir.
- Vantar merkingar hvar má fara í gegn á vélsleðum.

SKAUTASVELL

- Hugmynd að upplýstu skautasvelli á svæðinu.
- Skautasvell á Stórhólstjörn - aðstaða? Ekki upplýst.

ANNAÐ

- Hópurinn sér ekkert því til fyrirstöðu að Brimnesáin verði virkjuð.
- Frisbý golf nálægt Bögg.
- Folf, huga þarf að staðsetningu m.t.t. umgengni, stígagerðar og átroðnings.
- Fuglalíf er mikið og nauðsyn á því að koma upp góðu upplýsingaskilti um fugla.
- Merkja markverða staði/áningarstaði/sögustaði.
- Umhirða í fólkvangi. Vantaði rusladalla í sumar. Grillið kom seint.
- Hefta útbreiðslu lúpínu.
- Skólagarðar.
- Fiskur í Stórhólstjörn (dýpri tjörn?) Veita vatni í fleiri tjarnir.
- Tengja sögu í Gilinu í lest og brúni við deiliskipulag Upsa? (*ath. óskýrt samhengi*)
- Laga veg upp á moldbrekkur, útsýnisskífa og auka notkun á fjallinu (sleðar o.fl.).
- Laga það sem fyrir er.
- Endurskoða vatnslögn úr gilinu.
- Tengingar úr byggð inn í Fólkvanginn.
- Spurning um að horfa á svæðið norðan fólkvangsins - endurskoða Upsasvæðið.

SAMANTEKT

Flestir sammála um að hagræðing sé í því að samnýta mannvirki fyrir fleiri en eina tímstund eða íþrótt og líta á svæðið sem útivistarmiðstöð.

Almenn skoðun að hirða betur um skógræktina í Böggi og bæta dvalarsvæði með fleiri leiktækjum fyrir börn og jafnvel æfingartækjum.

Umdeilt hvort auka eigi við skógrækt á svæðinu eða ekki. Sumir leggja til að skógrækt verði nýtt til skjólmyndunar og mótunar landslags s.s. á golfvelli.

Gönguskíðabrautir verði troðnar á göngustígum. Þannig nýtist stígalýsingin á veturna.

Golfvöllur á svæðinu er umdeildur. Sumir telja að hann geti átt samleið með annarri útivist en aðrir ekki.

Margir nefna stækkun á skíðasvæðinu með stólalyftu uppundir topp. Flestir staðsetja hana á svipuðum stað eða sunnar í fjallinu. Stólalyfta geti verið rekin á heilsársgrundvelli. Barnasvæði verði bætt.

Almennur vilji fyrir hjólabraut og þá í tengslum við uppkeyrsluvegin meðfram girðingunni og mögulega nýja stólalyftu. Hjólabraut þyrfti að vera sérmerkt. Fólk velti fyrir sér hvort hún eigi samleið með gangandi fólk.

Margir sjá fyrir sér að gamla póstleiðin verði merkt sem reiðleið með söguskiltum.

Vilji fyrir því að opna svæðið fyrir sauðfjárbæði, bæði til að halda lúpínu í skefjum og öðrum tegundum sem kaffæra lyngið.

Andstæðir pólar um skotveiðar innan svæðisins.

Merkja þarf leið fyrir vélsleða í gegnum svæðið.

VirkJun Brimnesár kom til tals í einum hópnum en aðrir hópar andmæltu þeirri hugmynd.